LEIÐARI



> Það á alltaf að vera helsta takmark okkar sem höfum það hlutverk að veiða fiskinn, að ganga vel um auðlindina og skila sem bestu hráefni á land.

Aflameðferð er mér ofarlega í huga í þessum pistli og kemur þar tvennt til, sögusagnir um slæma aflameðferð og ónóga kælingu hjá trillukörlum og stærðarflokkun á fiski sem fer á markað.

Blóðgun og blæðing fisks í sjó er algert lykilatriði til að hægt sé að byrja á því að fá þann fisk sem innbyrtur er, í hágæðahráefni. Það er ekkert stórmál fyrir trillukarla að vera með eitt kar klárt sem blóðgunarkar þar sem í rennur sjór eftir þörfum eða honum ausið í karið og fiskinum blæðir þar, í dágóða stund. Þaðan er fiskurinn tekinn og stærðarflokkaður í nokkur kör sem búið er að setja í tvær til þrjár skóflur af ís og sjó þannig að að ísinn fljóti vel. Þegar magn fisksins eykst í körunum þá er ísað í kar annað slagið til að kælingin haldist rétt.

Auðvelt er að fylgjast með bráðnuninni á ísnum í körunum og ef enginn ís er sjáanlegur í þeim þegar verið er á veiðum þá er það augljóst að ekki er nógu mikið ísað í fiskinn. Þetta hljómar kannski eins og uppskrift að einhverju sem á að fara að baka eða matreiða, en það er tilgangurinn með skrifunum og útkoman ætti að verða hágæðahráefni sem er eftirsótt í helstu matvöruverslunum heims eða beint á matardiskinn hjá okkur sjálfum. Ég set þetta á prent og vona að þessar upplýsingar verði einhverjum að gagni, því að allt sem verður til þess að auka gæði hráefnis er allra hagur. Aflameðferðin á við um alla sjómenn, því ekki er hægt að framleiða 100% vöru úr lélegu hráefni. Það ætti að vera einfalt fyrir strandveiðimenn að skila frá sér besta hráefni sem hægt er að fá upp úr sjó hérna við strendur Íslands, því að dagsafli hvers báts má ekki vera meiri en 650 Þorskígildi og útiverutími báta á þessum veiðum 14 tímar og því ætti að gefast nægur tími til að meðhöndla fiskinn rétt.

Strandveiðar eru komnar til að vera og þar held ég að menn horfi til þess að meiri sátt sé að skapast innan greinarinnar og nauðsynlegt sé að líta þannig á að handfæraveiðar hafi verið og sé hluti af menningu okkar og verði svo um ófyrirsjáanlega framtíð. Þarna eru menningarsöguleg verðmæti í fullu gildi og þeim viðhaldið, auk verðmæta sem skapast þegar bátar eru endurnýjaðir og sá sem dettur úr miklum sóknarþunga fái annað hlutverk. Þá hafa ferðamenn sem koma hingað til lands sýnt aukinn áhuga á smábátahöfnum, löndunum úr smábátum og þeirri vinnu sem þar fer fram. Oftar en ekki sjást þeir vera að mynda sjálfa sig og vini sína með fisk eða báta í bakgrunninn. Þetta er umhverfi sem að margir hverjir eða flestir þeirra hafa aldrei komist í nánd við og er mikil upplifun fyrir þá að sjá hlutina gerast. Umhverfisvernd, sjálfbærni, umhverfisvottanir á fiskistofnum, veiðum og vinnslu eru að verða að skilyrðum fyrir því að ýmsar matvörukeðjur taki ákveðnar fisktegundir í fiskborðin til sín. Þar eru vörur eins og færa- eða línuveiddur fiskur seldur á hæsta verði. Viðskiptavinurinn vill helst sjá fyrir sér trillukarl á bát sínum, sléttan hreinan sjó og umhverfisvænar veiðar, en togari með botntroll á ekki eins auðveldlega upp á pallborð kaupandans.

Þarna stöndum við trillukarlar mjög framarlega og erum þar að auki að skila öllu hráefni að landi. Skemmum botninn lítið sem ekkert með kyrrstæðum veiðarfærum og skiljum ekkert eftir við veiðar. Þarna er ég að bera okkur saman við vinnsluskipin sem vinna aflann úti á sjó og henda frá sér tuga milljarða verðmæti á ári hverju af hausum, hryggjum, roði, innyflum og afskurði sem allt er orðið hráefni til matar og í líftækniiðnaðinn sem veltir orðið milljörðum á ári hverju og er að nýta þær afurðir sem til falla frá vinnslum í landi. Það á alltaf að vera helsta takmark okkar sem höfum það hlutverk að veiða fiskinn, að ganga vel um auðlindina og skila sem bestu hráefni á land, þannig tel ég að við séum að standa okkur í því sem við erum fengnir til að gera.

Ráðherra sjávarútvegsmála mætti líta meira til þessara hluta og reyna að beina veiðum meira í þá átt að sjálfbærni og umhverfisþættir spili meira inn í úthlutanir og ívilnanir við veiðar. Ég tel að bæta mætti við úthlutun strandveiðipottsins næsta sumar um 2000 tonn vegna góðrar stöðu þorskstofnsins og þar benda allar líkur til þess að aflamark í þorski verði aukið. Þá værum við komin að þeim mörkum þar sem að allflestir gætu veitt flesta daga mánaðarins með þeim takmörkunum sem nú eru innan kerfisins.

Makríllinn er farinn að ganga meira upp að ströndum landsins í ætisleit og eirir þar engu og líkjum við sjómennirnir honum oft við engisprettufaraldur en bæði sjófugl og seiði hafa ekkert í þennan hraðsynda fisk sem er ekki hér í neinni kurteisisheimsókn. Hann hreinsar upp átu, svif og síli. Smábátasjómenn hafa reynt að fóta sig í makrílveiðunum og tóku Norðmenn þar til fyrirmyndar og eru búnir að útbúa sig á veiðar. Nú hafa þeir veitt makríl með handfærum í nokkur ár og er reynsla manna vaxandi ár frá ári. Steingrímur J Sigfússon gaf út 3200 tonna makrílkvóta til færaveiða á árinu 2013 og taldi vel í lagt frá árinu á undan þegar smábátar veiddu 1100 tonn.

Sigurður Ingi Jóhannsson tók við embætti sjávarútvegsráðherra í vor og bætti hann við heimildir til færaveiða á makríl og fór heildarveiðin í tæp 4.700 tonn og stunduðu um 100 bátar veiðarnar. Það sýnir sig að smábátar eru enn að marka sér spor við veiðar og yrðu það gæfuspor ef að smábátunum eða færaveiðunum yrði haldið í sér potti innan heildaraflamarksins og vonandi að ráðherra hafi þá framtíðarsýn í þeim efnum.

Á sama tíma og umræðan um skiptingu makrílsins í okkar lögsögu gengur yfir erum við Íslendingar að deila um hlutdeild okkar í þessum flökkustofni við ESB og Noreg og eigum við undir högg að sækja vegna þvingana um löndunarbann og sölu á afurðum. Þá er almenningsálitið í Evrópu örugglega ekki með okkur vegna þess að þeir telja okkur ofveiða úr stofni sem ekki er samið um veiðar á. Þetta gerir það að verkum að við verðum annaðhvort að semja um hlutdeild í flökkustofni eða eiga á hættu að missa ýmsar vörur okkar niður í léleg verð eða ekkert verð.

Varðandi skiptingu makrílsins á stóru skipin ætla ég mér ekki að hafa skoðun á þeim hlutum en geri mér jafnframt grein fyrir því að það þarf að veiða fiskinn til að gera úr honum verðmæti, hvað sem að það svo er. En umræðan hér á landi sýnist mér að snúist fyrst og fremst um hvað eigi að ná miklum hluta aflaverðmætisins í veiðigjöld, þannig að það fer að verða spurning hvort borgar sig yfirleitt að vera að veiða vegna kostnaðar sem þarf að leggja í, áður en hægt er að hefja þær. Vonandi verða þeir sem að reiknuðu út veiðigjöldin fyrir síðustu ríkisstjórn ekki hafðir með í ráðum varðandi álagningu veiðigjalda í framtíðinni þar sem að öllum sjávarútvegi var hrært í einn pott og svo reiknað út eitt gjald á alla. Ég vil þakka þessari ríkisstjórn fyrir að taka til baka þá hækkun sem hefði orðið á veiðigjöldum ef að lögin hefðu náð fram að ganga, því það hefði orðið allflestum smábátaútgerðum á Íslandi ofraun að standa undir því.

Óska þess að við getum náð meiri sátt um sjávarútveg í nánustu framtíð og að kraftar okkar fari í auknum mæli að beinast að því að hugsa meira um hvað við sjálf getum gert til að bæta umræðu og auka vinnu og verðmætasköpun í þjóðfélaginu öllu.

Óska öllum smábátasjómönnum, fjölskyldum þeirra og Íslendingum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

Halldór Ármannsson formaður
Landssambands smábátaeigenda.

EFNISYFIRLIT


18 **Aldrei fiskað meira**


10 **Trillukarl á Alþingi**


22 **Síldarævintýri í Kolgrafafirði**


12 **Lélegir árgangar sex ár í röð**

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Útgefandi: Landssamband smábátaeigenda. Formaður: Halldór Ármannsson. Framkvæmdastjóri: Örn Pálsson. Ritstjóri: Sigurjón M. Egilsson. Ritnefnd: Halldór Ármannsson, Sigurjón M. Egilsson og Örn Pálsson. Ábyrgðarmaður: Örn Pálsson. Umsjón með útgáfu: Goggur ehf. Umbrot: Goggur ehf. Auglýsingar: Goggur ehf. Prentvinnsla: Oddi. Upplag: 1.500 eintök.